



Efnahags- og viðskiptanefnd

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10

101 Reykjavík

Akranesi, 23. apríl 2021

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs

Vísað er til ofangreinds frumvarps fjármála- og efnahagsráðherra sem lagt var fram á Alþingi 7. apríl sl., sbr. þingskjal 1179, 700. mál, á 151. löggjafarþing 2020–2021. Eftirfarandi eru athugasemdir Verkalýðsfélags Akraness (VLFA) við efni frumvarpsins. Fulltrúar félagsins eru reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar til að skýra sjónarmið þess nánar.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að upphafsviðmiðunaráldur réttindaávinnslu verði hækkaður úr 16 í 18 ár. Með breytingunni eru launagreiðendur þannig losaðir undan 11,5% iðgjöldum af launum starfsmanna í allt að tvö ár. Í frumvarpinu er ekki færð nein rök fyrir þessari veigamiklu breytingu.

VLFA telur engin rök geta réttlætt breytinguna enda mun hún einungis leiða af sér skerðing á réttindum launafólks án þess að nokkuð komi í staðinn. Með þessu er ætlunin að færa atvinnulífina mörg hundurð milljón króna á ári (um 800 milljónir á ári eins og staðan er í dag) á kostnað starfsmanna. VLFA leggst gegn breytingunni en nái hún fram að ganga verður í öllu falli verður að bæta skerðinguna með 11,5% launahækkun.

Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs verði hækkað úr 12% í 15,5%. Í athugasemdum við frumvarpið segir að með því sé lögð sé til lögbundin hækkun mótframlags launagreiðenda á almennum vinnumarkaði til lífeyrissjóðs úr 8% í 11,5%. Frumvarpið sjálft hefur ekki að geyma slíka tillögu að því er varðar almennan vinnumarkað. Þótt skýrt sé af frumvarpinu að tillaga 2. gr. þess eigi rætur að rekja til kjarasamninga þar sem kveðið er á um hækkun mótframlags atvinnurekenda úr 8% í 11,5% felur það ekki í sér lögfestingu þessa fyrirkomulags. Þvert á móti felst engin tillaga í frumvarpinu um breytingu á því fyrirkomulagi 2. mgr. 2. gr. gildandi laga að um skiptingu iðgjalds milli launamanns og launagreiðanda skuli fara eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein eða sérlægum ef við á.



Í 3. og 4. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um svonefnda tilgreinda séreign. Þar er gert ráð fyrir því að sjóðfélaga skuli heimilt að ráðstafa allt að 3,5% af iðgjaldastofni til myndunar slíkrar séreignar. Hámark tilgreindrar séreignar samkvæmt frumvarpinu svarar til þeirrar hækkunar á lágmarksiðgjaldi, sem lögð er til með 2. gr. þess, úr 12% í 15,5%. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að sérreglur gildi um tilgreinda séreign, þ.m.t. varðandi útgreiðslu hennar.

Að mati VFLA eru engin rök fyrir því að ákveða með lögum nýtt fyrirkomulag á lífeyrissparnaði. Nú þegar eru til staðar ýmsar leiðir til þess að ráðstafa lífeyrissparnaði og treysta á launafólki sjálfu fyrir því að ákveða hvernig það ráðstafar greiðslum til lífeyrissjóðs. Á undanförunum árum hefur verið aukið við frelsi einstaklinga til þess að ráðstafa hvert og hvernig það ráðstafar sínum lífeyri og rétt væri að sú þróun héldi áfram. Í frumvarpinu er lögð til mikil afturför að þessu leyti þar sem ráðstöfunarréttur fólks er afnuminn sem nemur þessum 3,5%.

Frelsi launafólks til þess að ráðstafa greiðslum til lífeyrissjóða hefur haft margar jákvæðar afleiðingar í för með sér. Réttindi einstaklinga hafa aukist en einnig hefur fólk almennt orðið meðvitaðra um réttindi sín og fylgst betur með lífeyrissjóðum. Engin rök eru fyrir því að fara skref til baka og þvinga ráðstöfunina á tiltekinn stað. Einstaklingar eiga að hafa val hvort það setur það í samtrygginguna eða frjálsa séreign. Þá er alls ekki þörf á að flækja lífeyriskerfið enn frekar með því að búa til nýja flokk, svonefnda „tilgreinda séreign“.

VLFA gerir sérstakar og alvarlegar athugasemdir við það að ekkert samráð var haft við stéttarfélögin vegna þessarar tillögu. Stéttarfélögin hafa það hlutverk að semja um kaup og kjör sinna félagsmanna, m.a. lífeyrisréttindi. Með því að gera tillögu að breytingu þeirra mála án samráðs við stéttarfélög er vegið að starfsemi félaganna og um leið vegið að réttindum sem eiga sér skýra stoð í stjórnarskránni.

Með 6. gr. frumvarpsins er lagt til að lífeyrir breytist til samræmis við vísitölu neysluverðs árlega í stað mánaðarlega áður. Einu rökin sem eru sett fram fyrir þessari tillögu í frumvarpinu er meint samræmi við fyrirkomulag hækkana og endurkrafna innan almannatryggingakerfisins.

Að mati VLFA eru framangreind rök alls ekki fullnægjandi stoð fyrir þeirri skerðingu sem felst í tillögunni. Skerðingar á réttindum launafólks verða ekki réttlættar með því að einfalda þurfi stjórnvöldum að sinna sínum verkefnum.

Skerðingin er töluverð og má sem dæmi nefna að einstaklingur sem er 67 ára og er með 350 þúsund krónur í lífeyri verður af verðbótum sem nema tæpum 70 þúsund krónum á ári miðað við 4% verðbólgu. Frá 67 ára töku lífeyris til 83 ára aldurs væri búið að hafa af þessum lífeyrisþega rétt tæpar 2 milljónir króna.



Þá felst mikil þversögn í því að vísa til samræmingar enda eru verðtryggingar alls staðar annars staðar reiknaðar mánaðarlega en ekki árlega. Breytingin felur því í sér mikið ósamræmi við fyrirkomulag verðtryggingar á Íslandi. Verðtryggðar skuldir og inneignir á Íslandi taka allar breytingum samkvæmt neysluvísitölu Hagstofunnar og koma þær breytingar fram mánaðarlega. Þannig er t.d. verðtryggðum húsnæðisskuldum breytt mánaðarlega o.s.frv.

Í 14. gr. laganna er lagðar til breytingar á 16. gr. laga um almannatryggingar. Með þessu breytingum er lagt til að tilgreind séreign samkvæmt frumvarpinu, í stað séreignarlífeyrissparnaðar áður, skerði ekki m.a. ellilífeyri frá almannatryggingum. Í þessari tillögu felst mikil þrenging á þeim sparnaði sem ekki skerðir ellilífeyri og aðrar greiðslur samkvæmt almannatryggingalögum. Undir „séreignarlífeyrissparnað“ samkvæmt núgildandi lögum fellur allur sá hluti lífeyrisiðgjalds sem ráðstafað er til öflunar lífeyrisréttinda í séreign, sbr. 3. mgr. 4. gr. gildandi laga nr. 129/1997, einnig sá hluti lágmarksiðgjalds samkvæmt núgildandi lögum sem þegar er ráðstafað í slíka séreign.

Ljóst er að hlutfall lágmarksiðgjalds sem ráðstafað er til öflunar lífeyrisréttinda í séreign er mismunandi milli lífeyrissjóða og einstakra sparnaðarleiða sem þeir bjóða sjóðfélögum sínum. Frumvarpið, ef það verður að lögum, mun þó setja 3,5% hámark á þann hluta lágmarkstryggingarverndar sem ekki skerðir m.a. ellilífeyri almannatrygginga. Þótt miðað sé við að breytingin hafi ekki áhrif á þá sem hafið hafa töku lífeyris fyrir 1. október nk. er ljóst að hún mun hafa áhrif og í einhverjum tilvikum skerða til muna kjör þeirra sem hefja töku ellilífeyris eftir það tímamark og eiga umtalsverðan hluta lífeyrisréttinda sinna nú þegar í séreign.

Verkalýðsfélag Akraness leggst harðlega gegn framangreindum breytingum enda fela þær í sér beinar kjaraskerðingar án þess að nokkuð komi í staðinn. Þá vega þær að grundvallarhlutverki stéttarféлага og frelsi einstaklinga til þess að ráðstafa sínum lífeyrissparnaði.

Virðingarfyllst,

f.h. Verkalýðsfélags Akraness

Vilhjálmur Birgisson

